

# BLÆÐING Á 2. OG 3. ÞRIÐJUNGI MEÐGÖNGU

Blæðing á seinni hluta meðgöngu er mun sjaldgæfari en fyrstu 12 vikurnar. Hana þarf alltaf að taka alvarlega og krefst mat læknis í flestum tilvikum.

*Helstu orsakir eru:*

- *Byrjandi fæðing eða leghálsbilun getur leitt af sér blæðingu frá leghálsi, svokallaða teiknblæðingu*
- *Fósturlát (þ.e. fyrir 22 vikur er talað um fósturlát)*
- *Fyrirsæt fylgja*
- *Fylgjulos*
- *Fyrirsætar æðar (vasa previa)*
- *Blæðing frá leghálsi eða leggöngum t.d. vegna sepa, sýkingar, bólgu eða frá kirtilslímhúð legháls (ectropion)*

Mikilvægt er að gera sér fljótt grein fyrir hve mikið blæðir og hvort verkir fylgja. Við blæðingu eftir 20 vikur ætti ekki að þreifa upp á legháls fyrr en fylgjustaðsetning hefur verið könnuð og fyrirsæt fylgja útilokuð. Fylgjustaðsetning er skoðuð í 20 vikna sónar.

Blæðing á seinni hluta meðgöngu er tengd aukinni hættu á fyrirburafæðingu. Meðferðin fer eftir orsökum blæðingarinnar og getur þarfnast innlagnar á sjúkrahús. Ef blóðflokkur er ekki þekktur þarf að kanna hann og gefa anti-D ef konan er Rh neg.